



Fundargerð menningarmálanefndar 20.maí

Fundur menningarmálanefndar Vopnafjarðar 20. maí 2019 í félagsheimilinu Miklagarði, settur 15:00.

Mætt: Jón Ragnar Helgason, Hreiðar Geirsson, Árný Birna Vatnsdal, Hjördís Björk Hjartardóttir og Fanney Björk Friðriksdóttir sem ritar fundargerð.

Einnig mætt Selja Janthong framkvæmdastjóri Vopnaskaks sem sat allan fundinn.

1. Umræða um stöðu Vopnaskaks

Farið var yfir stöðu á styrkbeiðnum vegna Vopnaskaks og niðurstaðan sú að lítið hefur borist af svörum. Farið var yfir þau fyrirtæki og samtök sem sótt hafði verið styrkur til og ákveðið að senda á fleiri aðila í kjölfarið.

Dagskrá hátíðarinnar farin að taka á sig mynd og staðan fín á þeim málum sem þarf að redda í tíma.

2. Fundur ungmennaráðs með Jóni Ragnari, Selju og Þórhildi Sigurðardóttur

Ungmennaráð ræddi um að fá fimmtudaginn 4.7.19 undir dagskrá á þeirra vegum.

Samþykkt af menningarmálanefnd og Selju falið að setja það inn á dagskrá í samráði við Þórhildi.

3. Annað:

Fanney falið að tala við stjórn Einherja um hvort þau vildu gera eitthvað sérstakt á heimaleik félagsins 14:00 þann 6.7.19

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið 16:00